

# Nettómótið 2025

Velkomin á okkar árlega körfuboltamóti í Reykjanesbæ helgina **1. og 2. mars.**



## Dagskrá mótsins

### LAUGARDAGUR

**07:30** Móttaka liða hefst í Íþróttahúsinu við Sunnubraut

**08:00** Leikir hefjast á öllum völlum

**09:00** Dagskrá hefst í **88 HÚSINU**

**09:00 – 19:00** Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar

**09:00 – 18:00** Vatnaveröld-Fjölskyldusundlaug opnar – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra

**11:00 – 14:00** Hádegisverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra

**17:00 – 19:00** Kvöldverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra

**19:15 – 20:15** Kvöldvaka í Íþróttahúsinu við Sunnubraut

**20:30** - Kvöldhressing á gististöðum

### SUNNUDAGUR

**07:00 – 10:00** Morgunverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja fyrir næturgesti

**08:00** Leikir hefjast að nýju

**09:00** Dagskrá hefst í **88 HÚSINU**

**09:00 – 13:30** Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar

**09:00 – 18:00** Vatnaveröld-Fjölskyldusundlaug opnar – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra

**11:00 – 14:00** Pizzaveisla frá **Langbest** í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra

**14:15 – 14:50** Verðlaunaafhending og mótsslit í Íþróttahúsinu við Sunnubraut (Blue höllinni)

## Leikstaðir

Leikið verður á 18 völlum, 4 á 4 (8-10 ára), 2 x 12 mínútur hver leikur og 3 á 3 (6-7 ára), 1 x 12 mínútur hver leikur.

**Vellir 1-6** eru í Blue höllinni á Sunnubraut í Keflavík – *Árgangar 2015 og 2016*

**Vellir 7-8** eru í Ljónagryfjunni í Njarðvík - *Árgangar 2014, 2015, 2016 og 2018*

**Vellir 9-10** eru í Heiðarskóla Keflavík - *Árgangar 2015 og 2016*

**Vellir 11-12** eru í Akurskóla Njarðvík – *Árgangar 2014, 2015, 2016 og 2018*

**Vellir 13-14** eru í Íþróttamiðstöðinni í Garði – *Árgangar 2013, 2014 og 2015*

**Vellir 15-18** eru í IceMar Höllinni Njarðvík – *Árgangar 2017 og 2018*

U.þ.b. 11 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í Íþróttamiðstöðina í Garði

U.þ.b. 9 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í Íþróttahús Akurskóla

U.þ.b. 11 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í IceMar Höllina í Innri Njarðvík

## Skutl í boði mótshaldara – Vantar ykkur far ?

Símanúmer á 9 manna bílnum sem er reiðubúin að skutla milli leikstaða eða í afþreyingu er: 863-0571

## Hnetur eru bannaðar á Nettómótinu 2025

ATH. að dæmi er um keppendur á mótinu sem eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum og því viljum við biðja foreldra á að passa upp á að vera ekki með nesti eða nasl sem inniheldur hnetur.

## Bílastæði – Vinsamlegast leggið löglega

Við viljum benda á stór bílastæði bæði fyrir ofan Fjölbautaskóla Suðurnesja og fyrir neðan Vatnaveröld vegna fólksfjölda á verðlaunaafhendingu og kvöldvöku. **Vinsamlegast leggið löglega við íþróttamannvirki og skóla. Það hefur komið fyrir að lögreglan sekti þá sem leggja ólöglega.**

## Liðstjórar og ábyrgðamenn liða þurfa að vera a.m.k. 18. ára

Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Ábyrgðaraðili yfir börnum sem gista þarf að hafa náð 18 ára aldri.

## Gisting og gististaðir

Upplýsingar um hvar lið gista munu verða settar inn á heimasíðu mótsins <http://nettomot.blog.is> þegar þær liggja fyrir. Lið af landsbyggðinni sem koma á föstudagskvöldinu geta gengið frá skráningu og fengið afhent mótsgögn í íþróttahúsinu við Sunnubraut í Keflavík.

Mikilvægt er að vel sé gengið um skólana og stofum sé skilað í því ástandi sem komið var að þeim.

## SportHero myndar alla á Nettómótinu

**SportHero** mun mynda alla keppendur í leik og öllum verður boðið að koma í **liðsmyndatöku** í anddyri íþróttahússins við Sunnubraut - **Blue höllinni**. Frekari upplýsingar verður að finna í mótsgögnum liða.

## Verðlaunaafhending/lokaathöfn Sunnudag

Verðlaunaafhendingin hefst kl. **14.15** í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Við byrjum uppstillingu liða í **B-sal kl. 14.00**.

Öll félög eru hvött til að koma með fána síns félags fyrir verðlaunaafhendinguna.

Framkvæmd verðlaunaafhendingar (sjá mynd). Mótsslit eru kl. **14.50**. Ef keppendur hafa yfirgefið mótssvæðið fyrir lokaathöfn eru verðlaun afhent í heild sinni einum forsvarsmanni hvers félags að lokinni athöfn fyrir alla þá sem eru farnir heim á leið.

